



Fundargerð

6. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum., miðvikudaginn 16. nóvember 2022, kl. 08:30.

Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson, Helga Björg Helgadóttir, Nanna Jónsdóttir, Reynir Örn Pálmason, Kristín Ósk Ómarsdóttir og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

1. Beiðni Sigurhæða um að hitta hreppsnefnd Ásahrepps - 2208026

Þessum dagskrárlið er frestað.

2. Fundargerð 248. fundar skipulagsnefndar UTU - 2211014

Lögð fram fundargerð 248. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð 172. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa.

Mál nr. 1; Lækjartún II L215415; Tengivirki; Deiliskipulagsbreyting - 2209081

Lögð er fram umsókn frá Sveitakarlinum ehf. er varðar deiliskipulagsbreytingu í landi Lækjartúns II L215415. Með deiliskipulagsbreytingunni verður bætt við 5 lóðum austan við lóð tengivirkis. Á nýjum lóðum er heimilt að byggja upp hreinlegan orkufrekan iðnað. Með breytingunni stækkar skipulagssvæðið úr ríflega 2 ha í um 8 ha.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða þessa breytingu á deiliskipulagi svæðisins.

Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að óska eftir fundi með landeiganda til að fá umræðu um fyrirhugaðar byggingaframkvæmdir á umræddum lóðum.

Mál nr. 2; Áskot L165263; Deiliskipulag - 2204011

Lögð er fram tillaga er varðar nýtt deiliskipulag innan jarðar Áskots í Ásahreppi eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda sem taka m.a. til vélaskemmu, reiðhallar og hesthúss, viðbyggingar við núverandi skemmu og reita fyrir gistihús og tækjaskúr. Umsagnir sem bærust við auglýsingu málsins lagðar fram ásamt uppfærðum gögnum.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu.

Hreppsnefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bærust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Hreppsnefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 35; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 22-172 - 2210001F

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 22-172.

3. Fundargerð 4. fundar félagsmálanefndar - 2211019

Lögð fram fundargerð 4. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Í fundargerð er endurskoðuðar reglur um sérstakan húsnæðisstuðning samþykktar af nefndinni og þeim vísað til aðildarsveitarstjórna til staðfestingar. Lagðar voru fram endurskoðuðar reglur og skýringartexti sem var meðfylgjandi.

Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir endurskoðuðar reglur um sérstakan húsnæðisstuðning fyrir sitt leyti.

4. Fundargerð 5. fundar stjórnar Odda bs. - 2211024

Lögð fram fundargerð 5. fundar stjórnara Odda bs ásamt gjaldskrá Odda bs 2023 og fjárhagsáætlun Odda bs 2023.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti fram lagða fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið 2023 ásamt gjaldskrá Odda bs. fyrir árið 2023.

5. Fundargerð 7. fundar seyrustjórnar - 2211032

Lögð fram fundargerð 7. fundar seyrustjórnar ásamt fjárhagsáætlun og gjaldskrá fyrir árið 2023.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir liggjandi fjárhagsáætlun ársins 2023 ásamt gjaldskrá Hrunamannahrepps 2023 fyrir aukalosanir á rotþróum, fyrir sitt leyti.

6. Fundargerð 96. fundar stjórnar UTU. - 2211034

Lögð fram fundargerð 96. fundar stjórnar UTU ásamt fjárhagsáætlun embættisins fyrir árin 2023-2026.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir liggjandi fjárhagsáætlun UTU fyrir árin 2023-2026.

7. Nefnd um göngu-, reiðhjóla- og reiðleiðir í Ásahreppi - 1 - 2211001F

Lögð fram fundargerð 1. fundar nefndar um göngu-, reiðhjóla- og reiðstíga í Ásahreppi. Fundargerð staðfest samhljóða.

8. Fundargerð 1. fundar stjórnar Húsakynna bs kjörtímabilið 2022-2026 - 2211018

Lögð fram fundargerð 1. fundar stjórnar Húsakynna bs. kjörtímabilið 2022-2026. Til kynningar.

9. Fundargerð 224. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs - 2211013

Lögð fram fundargerð 224. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. Til kynningar.

10. Fundargerð 74. fundar stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs - 2211022

Lögð fram fundargerð 74. fundar stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs. Til kynningar.

11. Fundargerð 5. fundar seyrustjórnar - 2211030

Lögð fram fundargerð 5. fundar seyrustjórnar. Til kynningar.

- 12. Fundargerð 6. fundar seyrustjórnar - 2211031**
Lögð fram fundargerð 6. fundar seyrustjórnar.
Til kynningar.
- 13. Fundargerð 95. fundar stjórnar UTU - 2211023**
Lögð fram fundargerð 95. fundar stjórnar UTU.
Til kynningar.
- 14. Fundargerð aðalfundar UTU 2022 - 2211033**
Lögð fram fundargerð aðalfundar UTU 2022 ásamt ársreikningi 2021 og ársskýrslu 2021.
Til kynningar.
- 15. Fundargerð 314. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands - 2211026**
Lögð fram fundargerð 314. fundar Sorpstöðvar Suðurlands.
Til kynningar.
- 16. Fundargerð 20. fundar nefndar um svæðisskipulag Suðurlands - 2211011**
Lögð fram fundargerð 20. fundar nefndar um svæðisskipulag Suðurlands.
Til kynningar.
- 17. Fundargerð 587. fundar stjórnar SASS - 2211010**
Lögð fram fundargerð 587. fundar stjórnar SASS.
Til kynningar.
- 18. Fundargerð 52. fundara Samtaka orkusveitarfélaga - 2211025**
Lögð fram fundargerð 52. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.
Til kynningar.
- 19. Fundargerð 914. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2211020**
Lögð fram fundargerð 914. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
Til kynningar.
- 20. Ákvörðun um álagningu gjalda og gjaldskrár 2023 - 2211027**
Lögð fram tillaga um álagningu gjalda og gjaldskrár fyrir árið 2023.
1. Álagningarprósenta útsvars 2023
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að álagningarprósenta útsvars skuli vera 14,52%.

2. Álagningarhlutfall fasteignaskatts 2023
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að álagningarprósenta fasteignaskatts verði:
A: 0,22% af fasteignamati á íbúðarhúsnæði, bilageymslur, geymsluhúsnæði, lönd og útihús í landbúnaði og sumarhús, allt með tilheyrandi lóðum.
B: 1,32% af fasteignamati sjúkrastofnana skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla,

heimavista, leikskóla, íþróttahúsa og bókasafna, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.
C: 1,65% af fasteignamati allra annarra fasteigna með tilheyrandi lóðum, þó að undanskildum fasteignum í 0 flokki.

Afsláttur af fasteignaskatti til fasteignaeigenda sem eru 67 ára og eldri, eða 75% öryrkjar eða meira, og eiga lögheimili í viðkomandi fasteign fer eftir samþykkt um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti sem samþykkt var af hreppsnefnd Ásahrepps 13. desember 2017.

Gjald dagar verða sex (6) talsins árið 2022, fyrsta hvers mánaðar frá 1. febrúar til 1. júlí. Þar sem heildarupphæð er undir kr. 20.000 er einn gjalddagi, 1. apríl. Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga. Ekki verða sendir út greiðsluseðlar né álagningarseðlar í bréfpósti.

Álagningarseðlar eru aðgengilegir á heimsíðunni www.island.is. Stofnuð verður krafa í heimabanka með sama hætti og áður sem hægt er að greiða rafrænt. Þeir sem óska þess að fá áfram send skjöl með bréfpósti gefst kostur á því og er bent á að hafa samband við skrifstofu hreppsins.

3. Gjaldskrá kaldvatnsveitu 2023

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að vatnsgjald verði ákveðið í sérstakri gjaldskrá Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs.

4. Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs 2023

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að gjald fyrir meðhöndlun úrgangs verði samkvæmt gjaldskrá Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs fyrir sorphirðu og sorpeyðingu.

5. Gjaldskrá íþróttamiðstöðvarinnar á Hellu, Laugalandi og Þykkvabæ

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að gjalddaga vegna almennrar notkunar íþróttamiðstöðvanna fari eftir sameiginlegri gjaldskrá Rangárþing ytra og Ásahrepps.

6. Gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróa 2022. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að innheimta ekkert árlegt rotþróargjald. Kostnaður af reglubundinnitæmingu rotþróa verði greiddur úr sveitarsjóði.

Kostnaður vegna aukalosana verði greiddur af þjónustubega skv. gjaldskrá vegna móttöku og hreinsunar á seyru í Hrunamannahreppi.

7. Heimgreiðslur

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að reglur um heimgreiðslur, frá nóvember 2019, verði óbreyttar og hámarksupphæð verði kr. 80.000.

8. Íþrótt- og tómsfundastyrkur

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að reglur um íþrótt- og tómsfundastyrki, frá nóvember 2019, verði óbreyttar og styrkur geti numið allt að kr. 75.000.

9. Leikskólagjald

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrri ákvörðun hreppsnefndar frá desember 2017 að veittur verði 50% afsláttur af gjaldskrá Odda bs. árið 2022 fyrir börn í leikskóla. Ekki verði lengur veittur 100% afsláttur fyrir 5 ára börn.

10. Mötuneytiskostnaður leik- og grunnskólabarna

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrri ákvörðun hreppsnefndar frá desember 2017 að greitt verði áfram 100% mötuneytisgjald fyrir öll leik- og grunnskólabörn.

Niðurgreiðslurnar gilda fyrir börn með lögheimili og aðsetur í Ásahreppi.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða tillöguna í heild sinni.

21. Viðauki við fjárhagsáætlun 2022 vegna byggðasamlaga - 2211021

Lagður fram Viðauki 5 við fjárhagsáætlun Ásahrepps 2022. Um er að ræða viðauka sem er tilkominn vegna breytinga á reglugerð 1212/2015 þar sem kveðið er á um að byggðasamlög

skuli færði inn í samantekin reikningskil sveitarfélaga. Viðaukinn gefur jákvæða rekstrarniðurstöðu kr. 1.470.000. Einnig er lagt fram yfirlit yfir fyrri samþykktu viðauka ásamt þessum sem nú er lagður fram til afgreiðslu hjá hreppsnefnd Ásahrepps.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi Viðauka 5 og felur sveitarstjóra í samvinnu við KPMG að senda hann inn til lögboðinna aðila.

22. Fjárhagsáætlun Ásahrepps 2023-2026 - 2210031

Drög að fjárhagsáætlun Ásahrepps lögð fram til annarrar umræðu. Ekki liggja fyrir ennþá fjárhagsáætlanir nokkurra byggðasamlaga.

Farið var yfir drög að fjárhagsáætlun Ásahrepps fyrir árin 2023 - 2026.

Fjárhagsáætluninni vísað til næsta fundar hreppsnefndar Ásahrepps til lokaafgreiðslu.

23. Framtíð félagsheimilisins Ásgarðs - 2110025

Lagður fram viðauki þar sem kostnaðartölur eru uppfærðar sem fram komu í ástandsmati Verkís á Ásgarði.

Búið er að fá aðila til að setja upp ofna í húsinu og koma hita á húsið.

24. Beini um fjárstyrk til Sigurhæða árið 2023 - 2211015

Lagt fram bréf Sigurhæða, dags. 18. október 2022, þar sem óskað er eftir fjárstyrk vegna rekstrarársins 2023.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fresta málinu.

25. Landssambandsfundur Soroptimistasambands Íslands - 2211016

Lagt fram bréf Soroptimistaklúbbs Suðurlands, dags. 18. október 2022, þar sem óskað er eftir að Ásahreppur verði samstarfsaðili og gestgjafi í móttöku fyrir gesti Landssambandsfundar Soroptimistasambands Íslands þann 21. apríl 2023. Móttakan myndi eiga sér stað að Sumarliðabæ. Kostnaður við verkefnið er áætlað kr. 350-400 þús.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að hafna erindinu.

26. Styrkbeiðni vegna aðventuhátíðar að Laugalandi - 2211017

Lagt fram bréf Kvenfélagsins Einingar, dags. 1. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir fjárstyrk að upphæð kr. 30.000 vegna útlagðs kostnaðar við aðventuhátíð sem haldin verður að Laugalandi 27. nóvember 2022.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að greiða umbeðinn styrk.

27. Umsókn um framlag sveitarfélaga vegna sundleikfimi - 2211028

Lagt fram bréf Félags eldri borgara í Rangárvallasýslu, dags. 31. október 2023, þar sem félagið óskar eftir kr. 200.000 framlagi frá sveitarfélögunum í sýslunni til að kosta sundleikfimi á Hvolsvelli og Hellu á næsta ári.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að vísa þessu erindi til Héraðsnefndar Rangárvallasýslu.

28. Ósk um tilnefningu í vatnasvæðanefndir - 2211029

Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar, dags. 1. nóvember 2023, þar sem óskað er eftir að hreppsnefnd Ásahrepps tilnefni fulltrúa í vatnasvæðanefnd í samræmi við lög nr. 36/2011 og reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að skipa Ísleifur Jónasson sem aðalman og Nanna Jónsdóttir sem varamann.

29. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps - 2101011

Lagt fram rekstraryfirlit fyrir sveitarsjóð Ásahrepps frá 1. janúar - 31. október 2022.

Til kynningar.

30. Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps - 2101018

Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn 21. desember 2022.

Gert er ráð fyrir aukafundi hjá hreppsnefnd í byrjun desember.

Til kynningar.

Fundi slitið kl. 14:30.

Ísleifur Jónasson

Helga Björg Helgadóttir

Nanna Jónsdóttir

Reynir Örn Pálmason

Kristín Ósk Ómarsdóttir

Valtýr Valtýsson